27. nóvember 2006

Bankastjórnarsamþykkt um viðfangsefni Seðlabanka Íslands á sviði fjármálastöðugleika

Lagagrundvöllur

Í 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að Seðlabankinn skuli sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem Seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Í 7. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að bankinn geti þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán og gegn öðrum tryggingum eða skilmálum en tíðkast í reglulegum viðskiptum hans við þær.

Í 12. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að bankanum sé heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana og í 13. gr. er honum veitt heimild til þess að setja reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana.

Í 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands er kveðið á um samstarf og skipti á upplýsingum við Fjármálaeftirlitið.

Meginsjónarmið

Í virku og öruggu fjármálakerfi[1] felst að það sé virkt og geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Til eftirbreytni ber að hafa alþjóðlega samninga, önnur viðmið sem lúta að bestu framkvæmd og vinnu erlendra seðlabanka sem lengst hafa náð á þessu sviði. Efla skal þekkingu og vanda vel til allra verka.

Viðfangsefni

Seðlabanki Íslands sinnir viðfangsefnum sem varða stöðugleika fjármálakerfisins m.a. með eftirfarandi hætti:

Umgjörð og eftirlit:

[1] Fjármálakerfið er þríþætt, þ.e. fjármálamarkaðir, fjármálastofnanir og greiðslu- og uppgjörskerfi.

- Með setningu reglna um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana og reglna um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og eftirliti með því að þeim sé fylgt.
- Með setningu reglna um starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa og með kerfislegu eftirliti með þeim.
- Með því að beita sér fyrir breytingum á reglum og lagalegri umgjörð um starfsemi fjármálafyrirtækja og viðskipti á markaði eftir því sem hann telur tilefni til.

Gagnaöflun og miðlun:

- Með söfnun tölfræðilegra gagna um fjármálamarkaði, fjármálastofnanir og greiðslu- og uppgjörskerfi til greiningar á virkni og öryggi fjármálakerfisins, þ.m.t. vísbendingar um fjármálastöðugleika og fjármögnun.
- Með því að taka saman heildstæðar tölur um rekstur og efnahag móðurfélaga fjármálafyrirtækja en jafnframt fyrir samstæður eins og kostur er.
- Með því að fylgjast skipulega með öðrum þáttum sem varða öryggi og virkni fjármálakerfisins, þ.m.t. greiðslu- og uppgjörskerfi.
- Með reglulegum fundum með forsvarsmönnum helstu fjármálafyrirtækja og með sérfræðingum eftir þörfum.
- Með upplýsingaskiptum við Fjármálaeftirlitið skv. samstarfssamningi.
- Með samstarfi við eigendur og ábyrgðaraðila innlendra greiðslu- og uppgjörskerfa.
- Með reglubundnu endurmati á gagnaþörf og gagnasöfnun í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Rannsóknir:

- Með rannsóknum á mikilvægustu þáttum sem varða stöðugleika fjármálakerfisins.
- Með því að fylgjast með og taka þátt í gerð álagsprófa á eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu.
- Með samanburði á einstökum þáttum innlends fjármálamarkaðar við erlenda markaði eftir því sem við á.

Greining og kynning:

- Með útgáfu ritsins *Fjármálastöðugleika.*

- Með kynningum á greiningu bankans sem fyrst og fremst beinast að gerendum á fjármálamarkaði[2] og nýtast þeim við mat og stýringu áhættu.
- Með því að greining og kynning sé markviss, gegnsæ og trúverðug og skýri hvernig bankinn vinnur að þeim verkefnum sem honum eru falin.
- Með því að koma ábendingum bankans um úrbætur og breytingar skýrt á framfæri og fylgja þeim eftir.
- Með útgáfu á mánaðarskýrslu um efni tengt fjármálastöðugleika sem fjármálasvið tekur saman til takmarkaðrar dreifingar í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu.

Samstarf:

- Með samstarfi við Fjármálaeftirlitið á grundvelli samstarfssamnings, aðrar innlendar stjórnarstofnanir og fjármálafyrirtæki til að þróa fjármálakerfið og styrkja hæfni þess til að mæta áföllum.
- Með samstarfi við seðlabanka annarra landa, sérstaklega Norðurlandanna, og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi sem lýtur að fjármálastöðugleika og greiðslumiðlun, bæði á Evrópska efnahagssvæðinu og á heimsvísu.

Viðlagamál:

- Með nauðsynlegum viðbúnaði til þess að reyna að fyrirbyggja og/eða bregðast við lausafjárvanda sem felur í sér kerfisáhættu, sbr. bankastjórnarsamþykkt þar um.
- Með reglulegum viðlagaæfingum í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og önnur stjórnvöld eftir atvikum, sbr. samkomulag ráðuneyta, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands, dags. 21. febrúar 2006.

Samstarf og verkaskipting sviða bankans um fjármálastöðugleika

Fjármálasvið bankans sinnir ofangreindum viðfangsefnum bankans sem varða fjármálastöðugleika, þ.m.t. greiðslukerfi, og nýtur aðstoðar annarra sviða eftir því sem við á. Verkaskipting sviða bankans varðandi rannsóknir og skrif til birtingar í *Fjármálastöðugleika* er í meginatriðum sú að fjármálasvið fylgist með stöðu og áhættu fjármálafyrirtækja, einkum þáttum sem lúta að arðsemi, eiginfjárstöðu lausa-

[2] Gerendur í fjármálakerfinu eru skilgreindir sem stjórnvöld, stjórnendur fjármálastofnana, kerfislega mikilvægir þjónustuaðilar fjármálastofnana, eftirlitsaðilar, lánshæfisfyrirtæki og yfirþjóðlegar stofnanir.

fjárstöðu og fjármögnun auk þess að fjalla um greiðslu- og uppgjörskerfi og viðlagamál fjármálakerfisins. Hagfræðisvið fylgist með stöðu þjóðarbúskaparins, heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs frá sjónarhóli fjármálastöðugleika, alþjóða- og markaðssvið fylgist með framvindu á innlendum og erlendum fjármálamarkaði og upplýsingasvið aflar tölfræðilegra gagna og annast fyrstu greiningu. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er formaður ritnefndar *Fjármálastöðugleika* sem er vettvangur bankans til þess að koma á framfæri áliti sínu og greiningu á stöðu og styrk fjármálakerfisins.

Fjármálastöðugleikafundir (FS fundir)

Bankastjórn efnir eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári til funda innan bankans um stöðugleika fjármálakerfisins og skulu tímasetningar taka m.a. mið af birtingu uppgjöra helstu fjármálafyrirtækja. Fundi þessa sitja auk bankastjórnar, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og nánustu samstarfsmenn hans, aðalhagfræðingur og staðgengill hans, framkvæmdastjórar upplýsingasviðs og alþjóða- og markaðssviðs, og aðrir sérfræðingar bankans eftir því sem tilefni er talið til hverju sinni. Á þessum fundum skal kynnt greining á umhverfi, stöðu og áhættu fjármálastofnana, fjármálamarkaða og greiðslu- og uppgjörskerfa. Í aðdraganda útgáfu *Fjármálastöðugleika* efnir bankastjórn til fundar þar sem drög að greiningu bankans til birtingar í ritinu eru kynnt og rædd. Í fundargerð skal greint frá dagskrá, þátttöku og meginatriðum sem fram komu á fundi.